



# Leikskólinn Furugrund

## Kynningarbæklingur

Virðing, hlýja

Öryggi og traust

Leikskólinn Furugrund, Furugrund 1, 200 Kópavogur. Sími: 441 6300 .  
Netfang: furugrund@kopavogur.is

Leikskólinn Furugrund tók til starfa í apríl 1978 og starfar eftir lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá Furugrunda. Leikskólinn er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum eins til sex ára. Tvær deildir eru fyrir eins til þriggja ára börn og tvær deildir fyrir þriggja til sex ára börn.

Starfsfólk Furugrunda starfar eftir einkunnarorðunum;

***Virðing, hlýja, öryggi og traust.***

Höfum við einkunnarorðin að leiðarljósi í öllu okkar starfi.

### Stefna og uppeldislegar áherslur

Í Furugrund er lögð áhersla á virðingu, hlýju, öryggi og traust. Frjálsi leikurinn er aðalsmerki leikskólans en í skipulögðu starfi skipa ákveðnir þættir öndvegi. Við leggjum áherslu á þróun hljóðkerfisvitundar og læsis og höfum þar unnið með Lubba sem finnur málbein, námsefni unnið af talmeinafræðingum. Samskipti eru stór hluti af lífi okkar og kemur vináttuverkefni Barnaheilla þar sterkt inn þar er unnið með bangsann Blæ, klípu-sögur, vináttunudd og fleiri atriði. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru einnig þáttur af okkar stefnu. Hreyfing og heilbrigður lífsstíll er okkur einnig hugleikinn, höfum við til dæmis unnið frábært starf í jóga með börnum og með markvissa hreyfingu. Einnig erum við ítrekað þátttakendur í Erasmus verkefnum en þau byggja á fjölbreyttu evrópsku samstarfi sem miðla að nýsköpun í kennslufræðum, þróun hæfni og færni kennara og þróun samstarfs í kennslu á milli landa.



Ýmsir áhrifavaldar og kenningar innan uppeldisfræðinnar hafa áhrif á starf okkar með börnunum. Við byggjum starf okkar meðal annars á jákvæðum aga Aldred Adleer og Rudolf Dreikurs en þessi uppeldisstefna byggir á sjálfstjórnar-kenningum sem fela í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu og endurspeglar því vel einkunnarorð Furugrundar.

Við höfum haft kenningar Erikson að leiðarljósi en þær snúa að leik og tilfinningum þar sem eldri börn aðstoða þau yngri upp næstu tröppur þroskans í gegn um leikinn. Leikurinn er því mikilvægt tæki í þroska barna en þar læra þau að þroska með sér virðingu, hlýju, öryggi og traust.

Að þróa með sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og öðlast öryggi og geta treyst er ein af grunnstoðum í kenningum Baumrind um leiðandi uppeldi þar sem mörk eru skýr, þar sem börn eru hvött til þess að skýra út sjónarmið sín og samskipti byggja á samvinnu og hlýju. Börnunum er sýnd mikil hlýja og alúð á sama tíma og þau eru örvuð til þroska.

**Að byrja í leikskóla**

Þegar barn hefur fengið leikskólapláss á Furugrund eru foreldrar boðaðir ásamt barni sínu í heimsókn og kynningu á leikskólanum. Þar er farið yfir starfsemi leikskólans, skipst á upplýsingum og skrifað undir dvalarsamning og önnur skjöl ásamt því að kynna skólann og starfsfólk fyrir barni og foreldrum. Á þessum fyrsta fundi hitta foreldrar og barn þann kennara sem mun sjá um aðlögun barnsins inn í leikskólann

**Aðlögun**

Í upphafi leikskólagöngu er grunnur lagður að góðri líðan barns og jákvæðu samstarfi við foreldra. Aðlögunartíminn er gagnkvæmur námstími fyrir alla. Mikilvægi þess að standa vel að aðlögun barns í byrjun leikskólagöngu er því mikið. Við upphaf leikskólagöngu er margt sem barnið þarf að læra og aðlagast svo sem að kynnast nýjum börnum og fullorðnum, læra á nýtt umhverfi, læra á samskipti og læra nýjar reglur.

Miðað er við að aðlögun í Furugrund taki eina viku en það getur þó verið breytilegt eftir því hvernig gengur fyrir barnið að aðlagast.

**Veikindi barna**

Leikskólastarfið er skipulagt á þann hátt að öll börn geti tekið þátt í því hvort sem verkefnin eru úti eða inni. Við leggjum áherslu á útiveru að lágmarki einu sinni á dag.

Ef barn er veikt þá á það ekki að koma í leikskólann sem og að ef foreldrar telja að barn sé að veikjast, þá er æskilegt að það sé heima. Veik börn smita önnur börn.

Veik börn eiga ekki að vera í leikskólanum vegna smithættu. Innivera í 1 -2 daga eftir veikindi barns er leyfileg en innivera sem fyribýggjandi aðferð vegna þess að barn er að verða veikt er ekki leyfð.

**Lyfjagjöf**

Lyfjagjöf er ávallt á ábyrgð foreldra en lyf eru gefin í leikskólanum ef þörf er á.

**Ofnæmi, óþol, astmi**

Tekið er tillit til ofnæmis og óþols varðandi matarræði ef fyrir liggur vottorð frá lækni. Mikilvægt er að endurnýja vottorðið árlega. Ef barn með ofnæmi eða óþol vegna mataræðis er mikilvægt að tilkynna fjarveru þess í leikskólann fyrir kl 10:00 dag hvern. Einnig er tekið tillit til útiveru astma veikra barna og þá sérstaklega þegar mikil loftmengun er.

**Fjarvistir barna**

Vinsamlegast tilkynnið fjarvistir barna í gegnum Völu appið eða hringið í síma 441 – 6300. Beinn sími inn á deildir;

- Álfasteinn → 441-6313
- Dropasteinn → 441-6311
- Dvergasteinn → 441-6314
- Mánasteinn → 441-6312
- Skrifstofa → 441-6301

**Upplýsingar**

Upplýsingatöflur hanga í eða við fataklefa og biðjum við foreldra að fylgjast með upplýsingum sem þar eru ásamt upplýsingum sem berast með tölvupóstum, skilaboðum með [Völu](#) sem og síðu foreldrafélags Furugrundar ásamt heimasíðu [Furugrundar](#).

**Vala– upplýsingar og innskráningarkerfi, app og heimasíða**

Furugrund notar upplýsinga- og innskráningar kerfið Völu. Vala er app sem hægt er að opna í síma, spjald– og far-tölvum. Í Völu geta forráðamenn meðal annars skráð inn fjarvistir, séð tilkynningar og fréttir frá leikskólanum, sent og tekið á móti skilaboðum og séð matseðla og atburðadagatal leikskólans. Hægt er að nálgast Völu appið í Play Store/App Store undir Vala leikskóli en einnig er hægt að nálgast Völu á netinu á slóðinni <https://vala.is/>

[Heimasíða leikskólans](#) er svo einnig mikilvægur þáttur í upplýsingagjöf til forráðamanna en þar er hægt að sjá fréttir frá leikskólanum ásamt öðrum grunn upplýsingum um leikskólastarfið.

### Facebook

Allar deildir leikskólans eru með Facebook hópa og heita þeir eftir deildunum og er foreldrum gefinn aðgangur að þeirri deild sem barnið er á hverju sinni. Innan Facebook hópanna birtast upplýsingar og myndir um hvernig dagurinn hefur gengið fyrir sig í leikskólanum.

**Foreldrafélag leikskólans Furugrundar** er einnig með Facebook – hóp en hann má finna með því að leita að „Foreldrafélag leikskólans Furugrund“.

### Fatnaður barna og aðrir praktískir hlutir

Í fataherberginu á barnið merkt hólfi. Æskilegt er að barnið þitt sé með tvo fjölnota poka í hólfinu, einn undir blaut útiföt og einn til að ferja föt á milli heimilis og skóla. Mikilvægt er að viðeigandi klæðnaður sé í hólfi barnsins hverju sinni. Í hólfinu þurfa alltaf að vera

- Úlpa
- Hlý peysa (ullar eða flís)
- Vettlingar (tvö eða fleiri pör)
- Húfa (gott er að hafa eina léttu og aðra hlýja).
- Flísbuxur og/eða hlýjar utanyfirbuxur
- Regnföt
- Stígvél
- Ullarsokkar
- Kuldagalli (þegar kólnar í veðri)
- Kuldaskór (þegar kólnar í veðri)

Inni á deild á barnið körfu undir aukaföt. Passa þarf upp á að í körfunni sé nóg af

- Nærfatnaði (tvö sett)
- Sokkum (tvö pör)
- Buxum
- Síðermabolum eða peysum.

Kíkja þarf reglulega í körfuna og fylla á hana eftir þörfum. Munið að **merkja vel** allan fatnað. Allur útifatnaður er tekinn heim á föstudögum og þrifinn ásamt öllum skófatnaði.

Ekki er æskilegt að barnið komið með dót í leikskólann en þó er leyfilegt að koma með mjúkdýr til að hafa í hvíld.

Á yngri deildum koma foreldrar með bleyjur, blautpurrrkur, snuð, bossa krem.

### Uppsagnarfrestur

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leikskóladvöl er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Segja þarf upp dvalarsamningi skriflega hjá leikskólastjóra sem og í leikskólagátt.

### Breyting á vistunartíma

Óski foreldrar eftir breytingu á vistunartíma skal sótt um það í leikskólagátt fyrir 15. hvers mánaðar til að breyta næstkomandi mánuði. Leikskólastjóri tekur fyrir hverja umsókn og metur hversu hratt er hægt að bregðast við henni.

### Leikskólagjöld

Leikskólagjöldin eru innheimt í gegnum heimabanka. Greitt er fyrirfram og er eindagi 10. hvers mánaðar. Skuldi foreldrar þrjá mánuði eða meira verður samningi um leikskólavist sagt upp af hálfu Kópavogsbæjar

### Afmæli

Þegar börn eiga afmæli er í boði að koma með veitingar að heiman í leikskólann og er þá yfirleitt haldið upp á afmælið í hádeginu. Afmælisbarninu er gert hátt undir höfði það útbýr kórónu með starfsmanni og er þjónn í matartímanum.

Vakin er sérstaklega athygli á því að foreldrar reyni að hafa hollustuna í fyrirrúmi við val á veitingum. Hugmyndir af veitingum eru til dæmis saltstangir, popp, ávaxtabakkar.

### Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru fimm á ári og leikskólinn því lokaður þá daga. Starfsfólk notar skipulagsdaga til að endurmeta og undirbúa starfið ásamt því að þeir eru einnig nýttir í námskeið og fyrirlestra.

### Matseðlar

Matráður vinnur matseðil leikskólans í samráði við leikskólastjóra og í samræmi við ráðleggingar embættis landlæknis. Matseðill er gerður einn mánuð í senn og birtist hann í Völunni sem og á heimasíðu skólans.

### Slys og tryggingar

Á dvalartíma barnsins í leikskólanum er skólinn ábyrgur fyrir barninu. Verði óhapp eða slys hefur leikskólinn samband við foreldra og gefur þeim kost á að fara með barn sitt á heilsugæslu eða bráðamóttöku. Náist ekki í foreldra eða aðra fjölskyldumeðlimi þá fer starfsfólk leikskólans með barnið. Öll slík óhöpp eða slys eru skráð á sérstök rafræn eyðublöð og eru börnin slysatrið í leikskólanum. Hafi slysin varanlegar afleiðingar gilda almennir tryggingaskilmálar. Leikskólinn greiðir fyrir fyrstu læknisvitjun ef barn slasast í leikskólanum. Skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk leikskólans eru haldin reglulega.



**Opnunartími**

Leikskólinn opnar kl: 7:30 og lokar 16:30 og mikilvægt er að virða vistunartíma barnsins. Forráðamönnum ber að virða þann dvalartíma sem um er samið og undirritað er í dvalarsamningi. Barn og forráðamaður skal mæta og yfirgefa skólann innan umsamins dvalartíma. Starfsmannahald er skipulagt með tilliti til fjölda barna á hverjum tíma.

**Sumarleyfi**

Lágmarkssumarleyfi eru fjórar vikur og eru án gjalds. Leikskólinn er lokaður í fjórar vikur ár hvert. Á hverju vori er gerð foreldra- og starfsmannakönnun þar sem kosið er um hvenær lokun leikskólans verður það árið. Oftast nær er lokunin í júlí ár hvert.

**Hátíðir og hefðir leikskólans**

- Við höldum þorablót árlega þar sem börnin fá að smakka íslenskan þorramat.
- Á öskudag höldum við öskudagsball og mega börnin mæta í grímubúningum, við borðum saltkjöt og baunir á sprengidag og fáum okkur bollu á bolludaginn.
- Elstu börn fara í útskriftarferð að vori á lokaári sínu.
- Opið hús er svo í lok vetrar þar sem forráðamenn fá að sjá það sem börnin hafa verið að vinna yfir veturinn.
- Jólaball er haldið í byrjun desember.
- Við erum einnig með kaffi fyrir forráðamenn einu sinni á önn.
- Dagur leikskólans er einnig haldinn hátíðlegur en á ólíkan hátt hverju sinni.
- Litadagar - Við höldum litadaga reglulega en þá klæðumst við í einhverjum sérstökum þemalit.
- Gengið er gegn einelti á haustönn og eru það börnin á eldri deildunum sem taka þátt í því.

**Dagskipulag á eldri deildum**

Dagskipulag leikskólans er einfalt og skýrt. Í skipulögðu starfi vinna börnin í aldursskiptum hópum. Vikulega er farið í hópastarf, vináttuverkefnið Blæ, hljóðsmíðjuna „Lubbi finnur málbein“, tónlistarstundir, jóga og leikfimi í íþróttahúsi Snælandsskóla. Hópaskiptingar má sjá á vegg við inngang deildar (sett upp á haustin). Að auki fara elstu börnin í EBV (elstu barna verkefni) sem er góður undirbúningur fyrir grunnskólann. Einnig fara elstu börnin í skógarferðir þar sem vinatengsl milli elstu barna þvert á deildir eru styrkt. Börnin kynnast náttúrunni og læra að bera virðingu fyrir umhverfinu auk þess sem þau eflast í líkamlegri færni og hugdirfsku.



**Dagskipulag á eldri deildum:**

- 7:30 – 8:00 Leikskólinn opnar
- 8:00 – 9:00 Morgunverður
- 9:00 – 11:00 Hópastarf/leikur/leikfimi/jóga
- 11:00 – 11:30 Söngstund/tónlist/Lubbi/Blær
- 11:30 – 12:00 Hádegisverður
- 12:00 – 12:30 Sögustund/hvíld
- 12:30 – 14:00 Útivera (elsti hópur fer einnig einu sinni í viku í skógarferð frá 12:00 – 14:00)
- 14:00 – 15:00 Samverustund og síðdegishressing
- 15:00 – 16:30 Leikur, leikskólinn lokar

**Dagskipulag á yngri deildum**

**Dagskipulag á yngri deildum:**

- 7:30 – 8:00 Leikskólinn opnar
- 8:00 – 9:00 Morgunverður
- 9:00 – 11:00 Hópastarf/leikur/jóga/leikfimi,söng, sögustund
- 11:00 – 11:30 Hádegisverður/hvíldartími
- 13:00 – 14:15 Útivera
- 14:30 – 15:00 Síðdegishressing
- 15:00 – 16:30 Frjáls leikur, leikskólinn lokar

**Samstarf við forráðamenn**

Metnaður okkar fyrir foreldrasamstarfi er mikill og leggjum við ríka áherslu á gott upplýsingaflæði og aðgengi. Við leikskólann eru starfandi bæði foreldrafélag og foreldraráð. Hlutverk foreldrafélagsins er að skipuleggja skemmtilegar uppákomur fyrir börnin svo sem dans, jólaball, sveitaferð og sumarhátíð leikskólans í samvinnu við starfsfólk leikskólans auk fræðslu fyrir foreldra ef svo ber undir. Árgjald í foreldrafélagið er 6000 kr.og njóta börnin góðs af þeim fjármunum. Hlutverk foreldraráðs er lögbundið og sér það um að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans

**Starfsfólk**

- Starfsmanna upplýsingar er hægt að finna á heimasíðu leikskólans sem og við inngang hverrar deildar.
- Starfandi leikskólastjóri: Eva Sif Jóhannsdóttir
- Leikskólastjóri í leyfi: Helga Elínborg Jónsdóttir
- Aðstoðarleikskólastjóri: Anna Björg Hilmarsdóttir
- Sérkennslustjóri: Sólveig Sigurvinsdóttir
- Deildarstjóri á Álfasteini : Jóhanna Leifsdóttir
- Deildarstjóri á Dropasteini : Guðlaug Ólafsdóttir
- Deildarstjóri á Dvergasteini : Helga Hanna Þorsteinsdóttir
- Deildarstjóri á Mánasteini: Lovísa Rut Jónsdóttir og Nanna Gísladóttir Wium
- Starfandi matráður: Yrma L. Rosas
- Matráður í leyfi: Guðný Erla Sigurðardóttir

